

39. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs, haldinn í Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri fimmtudaginn 15.3. 2018 kl. 10.

Mætt: Ásgeir Magnússon, Ísólfur Gylfi Pálmason, Eva Björk Harðardóttir og Sigurður Sigursveinsson. Einnig sótti fundinn framkvæmdastjóri jarðvangsins Brynja Davíðsdóttir. Sigurður ritaði fundargerð.

Ásgeir sett fund. Brynja fór yfir helstu verkefni frá fyrra stjórnarfundi en síðan var gengið til fyrirbyggjandi dagskrár.

1. Staðan nokkurn veginn skv. áætlun en hún fól í sér lítils háttar halla. Ljóst er að ekki er hægt að reikna með frekari fjárframlögum frá sveitarfélögunum á árinu. Mikilvægt er því að afla verkefnatekna til að fylla upp í það sem á vantar og gæta ítrasta aðhalds í rekstri.
2. 6 mánaða stöðuskýrsla Kötlu jarðvangs send til EGN: Sept2017-Mars2018
3. Verkefnið næstu vikna nokkurn veginn skv. aðgerðaráætlun. Stjórnin leggur almennt áherslu á forgangsroðun verkefna. - Ákveðið hefur verið að „teygja á“ jarðvangsvikunni og er hún nú kynnt sem Vorhátíð. Meðal nýmæla er Spóhátíð 12. maí og Skaftfellingshátíð 18. maí. Stefnt að fundi með samstarfsfyrirtækjum á næstunni, einnig áframhaldandi vinnu að verkefnum með geoskólunum. Einnig er gert ráð fyrir DMP kynningu í sveitarfélögunum.
4. Vernd og umsýsla jarðvættanna. Svar barst frá Forsætisráðuneytinu varðandi ástandið við Sólheimajökul og girðingamál/stjórnleysi á staðnum. Fundur sem haldinn var um málið skilaði ekki árangri. Jarðvættið Sólheimajökull er í þjóðlendu en atvinnustarfsemi og vega- og stígagerðin hefur þróast án formlegra heimilda frá forsætisráðuneyti eða sveitarfélaginu. Óljóst með næstu skref.
5. Mögulegt samstarf við Þorvaldseyri varðandi starfs- og sýningaraðstöðu jarðvangsins. Rætt hefur verið við eigendur staðarins sem hafa ákveðið að hætta rekstri gestastofunnar um að jarðvangurinn yfirtaki húsnæðið á staðnum og nýti sem miðstöð jarðvangsins við þjóðveginna enda er eitt meginhlutverk jarðvangsins kynningar- og upplýsingarstarfsemi, m.a. gagnvart skólahópum og almennungi. Stjórnin samþykkir að halda þessum viðræðum áfram og skoða þennan möguleika til hlítar en frestar endanlegri ákvörðun fram yfir næstu sveitarstjórnarkosningar.

Fleira ekki og fundi slitið kl. 12.30.